Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 319 6. júní 1996, með áorðnum breytingum:

Allir hitaveitutaxtar hækka um 1,7% frá og með 1. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. desember 1997.

F. h. r.
Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 711 15. desember 1997

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 158/1996.

1. gr.

1. og 2. tl. 3. gr. orðast svo:

1. Fyrir hverja lyfjaávísun greiðir sjúkratryggður fyrstu 900 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 900 kr. greiðir sjúkratryggður 30%, en þó aldrei meira en 1700 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 300 kr. fyrir hverja lyfjaávísun. Af smásöluverði lyfsins umfram 300 kr. skulu þeir greiða 15%, en þó aldrei meira en 500 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

2. gr.

1. og 2. tl. 4. gr. orðast svo:

1. Fyrir hverja lyfjaávísun greiðir sjúkratryggður fyrstu 900 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 900 kr. greiðir sjúkratryggður 60%, en þó aldrei meira en 3300 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 300 kr. fyrir hverja lyfjaávísun. Af smásöluverði lyfsins umfram 300 kr. skulu þeir greiða 30%, en þó aldrei meira en 900 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

3. gr.

Við b. lið 5. gr. bætist eftirfarandi lyfjaflokkur:

R 06 AA 02 Dífenhýdramín

4. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

1. Þegar sjúklingi er brýn nauðsyn að nota að staðaldri, eða um lengri tíma, lyf sem almannatryggingar greiða ekki eða aðeins að hluta, er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að gefa út tímabundin lyfjaskírteini.
   Lyf sem auðkennd eru 0 í lyfjaskrá greiðast þá samkvæmt E merkingu (sbr. 4.gr.). Lyf sem auðkennd eru E í lyfjaskrá greiðast þá samkvæmt B merkingu (sbr. 3. gr.). Tryggingastofnun ríkisins skal setja sér starfsreglur um útgáfu lyfjaskírteina þessara.
2. Þegar sjúklingi er lífsnauðsyn að nota að staðaldri, eða um lengri tíma, lyf sem almannatryggingar greiða ekki eða aðeins að hluta, er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að gefa út tímabundin lyfjaskírteini, sem undanþiggja sjúkling greiðslu tiltekinna lyfja eða lyfjaflokka.
   Sem dæmi má nefna sjúklinga með flogaveiki, Parkinsonsveiki, lokastigsnýrnabilun, krabbamein, alvarlega áunna eða meðfædda truflun á kyn- og innkirtlastarfsemi eða sambærilega sjúkdóma og í undantekningartilvikum sjúklinga sem þurfa að nota fjölda lyfja samtímis. Tryggingastofnun ríkisins skal setja sér starfsreglur um útgáfu lyfjaskírteina þessara.
3. Lyfjaávísanir útgefnar af göngudeildum geðdeilda greiðast að fullu af Tryggingastofnun ríkisins, hljóði þær á lyf sem falla undir eftirfarandi lyfjaflokka:
   N 04 A, andkólínvirk lyf,
   N 05 A, sterk geðlyf (neuroleptica),
   N 06 A, geðdeyfðarlyf (antidepressiva).
   Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
4. Leysiefni sem nauðsynlegt er með virku inndælingarlyfi (þurrefni eða þykkni) skal greitt á sama hátt og viðkomandi inndælingarlyf.

5. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki nema í undantekningartilfellum þátt í greiðslu lyfja sem ekki hafa markaðsleyfi á Íslandi, en sem heimilt er að nota samkvæmt undanþágu, sbr. 4. og 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994. Í slíkum tilvikum skal framvísa lyfjaskírteini sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út í samræmi við þær starfsreglur sem stofnunin setur sér.

6. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður greiðslutilhögun lyfja vegna nýrra markaðsleyfa og breytinga á markaðsleyfum, að fenginni tillögu Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við 41. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. janúar 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. desember 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.